

Stórforeldri, aðkynhneigð og ks.

Hýryrði 2023 — nýyrðasamkeppni Samtakanna '78

Niðurstöður úr Hýryrðum, nýyrðasamkeppni Samtakanna '78, voru kynntar 16. nóvember 2023 á degi Íslenskrar tungu en keppnin var nú haldin í þriðja sinn. Markmiðið með henni er að gefa almenningi kost á að taka þátt í að stækka og efla íslenskan orðaforða um hinsegin tilveru en eins og öll tungumál þróast íslenskan í sífellu og aðlagast samfélagi hvers tíma. Hinsegin barátta og umræða um hinsegin málefni, til dæmis kynjaðan veruleika, hefur þróast sérlega hratt á síðustu áratugum og Hýryrðum er meðal annars ætlað að tryggja að íslensk tunga haldi í við þá þróun. Það er mikilvægt fyrir hinsegin fólk og sjálfsákvörðunarrétt þess að geta talað um tilfinningar sínar, sjálfsmynd og samfélagsformgerðir á íslensku og það er enn fremur forsenda fyrir því að samfélagið sé í stakk búið að ræða málin.

Keppnin hófst formlega 19. apríl sl. Þegar kallað var eftir tillögum að orðum sem vantaði í málið. Dómnefnd ákvað í kjölfarið að óska eftir sex nýyrðatillögum og hin eiginlega keppni hófst þar sem almenningi gafst kostur á að senda inn tillögur í gegnum vef Samtakanna '78. Að þessu sinni var auglýst eftir kynhlutlausu orði yfir foreldri foreldris, kynhlutlausri skammstöfun hliðstæðri *kvk.* og *kk.*, kynhlutlausu ábendingarfornafni og íslenskum þýðingum á annars vegar enska orðinu *allosexual* og hins vegar orðunum *femme* og *masc.*

Líflegar umræður um samkeppnina og orðin sem leitað var að fóru fram á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum í sumar. Þær sýndu og sönnuðu að fólki stendur ekki á sama um tungumálið og sá áhugi birtist einnig í þátttökunni sem fór fram úr björtustu vonum — alls sendu tæplega 300 manns inn tillögu að einu eða fleiri orðum áður en frestur rann út 15. september sl.

Eftir langa yfirlegu er það samhljóða niðurstaða dómnefndar að mæla með tveimur nýyrðum og nýrri skammstöfun:

- **stórforeldri:** kynhlutlaust orð yfir foreldri foreldris
- **aðkynhneigð:** þýðing á enska orðinu *allosexual*
- **ks.:** skammstöfun á *kynsegin*, hliðstæð *kk.* og *kvk.*

Rökstuðning dómnefndar má lesa hér að neðan og enn fremur umfjöllun um tillögur sem ekki var mælt með að þessu sinni. Rétt er að undirstrika að líkt og í fyrri Hýryrðakeppnum eru niðurstöðurnar ekki hugsaðar sem endanlegt val eða liður í málstýringu heldur tillögur sem hér með eru lagðar í hendur málnotenda. Hvort þær hljóti hljómgrunn og komist í almenna notkun verður framtíðin að leiða í ljós.

Dómnefnd Hýryrða 2023:

Ásta Kristín Benediktsdóttir, lektor í íslenskum samtímabókmenntum við Háskóla Íslands
Einar Freyr Sigurðsson, rannsóknarlektor á íslenskusviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Reyn Alpha Magnúsar, varaformaður Trans Íslands

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, meðstjórnandi í stjórn Samtakanna '78

Rökstuðningur dómnefndar

Stórforeldri

Innsendar tillögur að kynhlutlausu nýyrði yfir foreldri foreldris voru fjölmargar og af tvennum toga. Annars vegar bárust tillögur að orði sambærilegu við *foreldri* þar sem vísað er til næsta ættliðar á undan foreldri og hins vegar að kynhlutlausu orði, sambærilegu við *afi* og *amma*, sem til dæmis mætti nota um kynsegin manneskju sem á barnabarn. Niðurstaða dómnefndar var að skipta tillögunum í tvo flokka og mæla eingöngu með nýyrði yfir hið fyrrnefnda. Umfjöllun um síðarnefnda flokkinn má lesa síðar í þessum pistli.

Margar tillögurnar sem bárust að almennu orði yfir næsta ættlið á undan foreldri áttu það sameiginlegt að vera samsett orð þar sem síðari hlutinn var *-foreldri*. Ein algengasta tillagan var *langforeldri*. Það orð er nú þegar í einhverri notkun, eins og sjá má til dæmis með því að leita að *langforeldrar* sem uppflettiorði í Risamálheildinni (<https://malheildir.arnastofnun.is/>) og vefnum Tímarit.is en þar sést einnig að misjafnt er hvort notendur telja það vísa til foreldris foreldris eða næsta ættliðar þar á undan. Þess má einnig geta að stungið hefur verið upp á orðinu *langforeldrar* á Nýyrðavef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem „[s]amheiti yfir langafa og -ömmur sem geta verið samsett af ýmsum kynjum“ (<https://nyyrdi.arnastofnun.is/nyyrdi/4056>). Dómnefnd þótti orðið því óheppilegt vegna augljósrar tengingar við orðin *langamma* og *langafi*. Það er þó ekkert því til fyrirstöðu að nota *langforeldri* um foreldra foreldra foreldra okkar, foreldra þeirra og þar fram eftir götunum.

Orðið *forforeldri* var einnig vinsæl tillaga en dómnefnd þótti það bæði fremur óþjálmt í notkun og líklegt til að valda ruglingi þar sem orðin *formóðir* og *forfaðir* eru til í málinu en hafa ekki þá merkingu sem hér er reynt að fanga. Enn fremur var ákveðið að mæla ekki með orðum sem fela í sér eindregna jákvæða merkingu, svo sem *góðforeldri* og *bestaforeldri*, sem bæði fela í sér augljósa samsvörun við danska orðið *besteforældre*. Ekki eru öll svo heppin að eiga í jákvæðu eða góðu sambandi við foreldra foreldra sinna og því gæti verið erfitt að kalla þau góðforeldra eða bestuforeldra ef þau skyldu hvorki vera góð né best.

Stórforeldri þótti á endanum liprast og fanga merkinguna best.¹ Nýyrðið vísar skýrt í orðið *stórfjölskylda*. Engin vandkvæði eru við beygingu þess enda er það notað á sama hátt og orðið *foreldri*. Orðasmiðirnir eru: Silja Björk Björnsdóttir, Sigrún, Anna Jóhannsdóttir og Hrafn Hafdísar Páls.

Aðkynhneigð

Enska orðið *allosexual* vísar til fólks sem laðast kynferðislega að öðru fólki. Andheiti þess er *asexual*, sem lýsir þá þeim sem laðast lítið eða ekkert kynferðislega að öðrum. Dómnefnd Hýrýrða árið 2015 mælti með íslenska nýyrðinu *eikynhneigð* fyrir *asexual* og sú tillaga hefur fallið í góðan jarðveg og komist í talsverða notkun, ekki síst meðal hópsins sjálfs.

¹ Stofninn *stór-* í *stórforeldri* (eins og *grand-* í *grandparents*) vísar ekki til þess að foreldrið sé stórt heldur má e.t.v. hugsa sér að með stórforeldrum verði ættartré einstaklingsins sem miðað er við stærra, þ.e. ef við leggjum bókstaflegan skilning í *stór-*.

Dórnafnd Hýrýrða að þessu sinni bást ýmsar tillögur að íslensku orði yfir *allosexual* sem flest voru mynduð með forskeyti framan við orðið *-kynhneigð*. Algengasta tillagan var þó *kynhneigð*, án forskeytis. Sú tillaga er ýmsum vandkvæðum bundin. Fyrir nokkrum árum var algengasta andheitið við *asexual* í ensku einfaldlega *sexual*, án neitunarinnar *a-*. Það hefur að miklu leyti fallið úr notkun vegna þess að enska orðið *sexual* hefur mun breiðari merkingu en að laðast kynferðislega að öðru fólki og er þannig í raun villandi í þessu samhengi. Því hefur *allosexual* orðið ofan á og náð meiri útbreiðslu. Íslenska orðið *kynhneigð* er skýrara að þessu leyti, þar sem ljóst er að það vísar einungis til þess að hneigjast að ákveðnum hópi fólks.

Svipaður vandi myndi þó koma upp við yfirfærslu hugtaksins á rómantískar hneigðir. Orðið *eirómantik/eirómantísk(t/ur)* (e. *aromatic*) er sambærilegt við *eikynhneigð* og vísar til þess að laðast ekki að öðru fólki á rómantískan hátt. Hingað til hefur hefðin verið sú að hugtök úr samfélagi eikynhneigðra eru yfirfærð beint á samfélag eirómantískra. Þannig verða til samsvarandi hugtök yfir samsvarandi hneigðir, á borð við *tvírómantísk(t/ur)* og *panrómantísk(t/ur)*. Þegar hugað er að því hvort *kynhneigð* sé ákjósanleg þýðing á *allosexual* þarf að hafa þetta í huga. Það er nokkuð ljóst að orðið *rómantik* eða *rómantísk(t/ur)* hefur mun breiðari skírskotun en svo að það geti vísað aðeins til þess að hvaða hópi fólks einstaklingar laðist á rómantískan máta. Andstæðuparið *eirómantísk(t/ur)* og *rómantísk(t/ur)* væri þannig ekki heppilegt.

Önnur ástæða þess að *kynhneigð* væri óheppilegt andheiti við *eikynhneigð* er að orðið *kynhneigð* er nú þegar til og notað sem yfirheiti yfir mengi allra *kynhneigða*, sem *eikynhneigð* tilheyrir.

Það er niðurstaða dórnafndar að nýyrðið *aðkynhneigð* sé skýrt og komi merkingunni vel til skila, það er því að hneigjast að öðru fólki. Það kallast vel á við *eikynhneigð* og er, ólíkt *kynhneigð*, ekki háð ofangreindum takmörkunum. Orðasmiðirnir sem stungu upp á *aðkynhneigð* voru átta talsins: Ingibjörg, Rúnar Freysteinn, Erna Dýrfjörð Stefánsdóttir, S. Andrea Ásgeirsdóttir, Valgerður Bláklukka Fjöl意思dóttir, Emilía Dögg og tveir ónafngreindir einstaklingar.

Ks.

Kallað var eftir tillögum að skammstöfun fyrir *kynsegin*, sambærilegri við *kk.* og *kvk.* fyrir karlkyn og kvenkyn. *Hk.* vísar til hvorugkyns og er almennt ekki notað um fólk og því er ljóst að þörf er á nýrri skammstöfun.

Ýmsar tillögur bást en *ks.* bar af að mati dórnafndar sökum gegnsæis og skýrleika. Meirihluti þátttakenda í keppninni var auk þess sammála en alls sendi 81 orðasmiður inn tillögu að skammstöfuninni *ks.*

Frekari vangaveltur dómnefndar

Kynhlutlaust orð sambærilegt við *afi* og *amma*

Nokkur umræða skapaðist um hýryrðasamkeppnina í sumar og var þá meðal annars rætt um að auglýst væri eftir kynhlutlausu orði sem væri sambærilegt við *afi* og *amma*.² Nokkurs misskilnings gætti í umræðunni og þannig virtist sem sum teldu að verið væri að gera tilraun til að útrýma orðunum *afi* og *amma*. Svo var auðvitað ekki. Þegar kvár eignast barnabörn eru þau hvorki ömmur né afar og um það snýst málið: vöntun á orði sem fyllir í eyðuna *amma* / ___ / *afi*. Þegar talað er um fólk sem á barnabörn er gjarnan talað um ömmur og/eða afa en þegar rætt er um fólk sem á börn er ekki endilega rætt um mömmur og/eða pabba heldur er líka talað um foreldra (og forráðamenn eða -fólk). Þótt talað sé um foreldra geta mömmur að sjálfsögðu áfram verið mömmur og pabbar pabbar.

Leitin að sambærilegu orði við *afi* og *amma* reyndist torfærari en í tilfalli *stórforeldris*. *Afi* og *amma* eru oft með fyrstu orðunum sem börn læra og lykilatriði að mati dómnefndar var því að nýyrðið væri auðvelt í framburði og hentaði börnum á máltökuskeiði. Enn fremur var dómnefnd sammála um að æskilegt væri að nýja orðið tæki hvorugkynsbeygingu til að auka líkur á að merking þess yrði raunverulega kynhlutlaus. Vissulega eru alls ekki alltaf tengsl á milli málfræðilegs og merkingarlegs kyns en ástæða er til að ætla að mun líklegra sé að nýyrði, sem málnotendur þurfa að venjast og finnst jafnvel framandi, haldi kynhlutlausri merkingu ef þau eru málfræðilega hvorki karl- né kvenkyns.

Margir þátttakendur stungu upp á orðinu *á* eða *ái* enda er hið síðarnefnda nú þegar þekkt sem gamalt heiti yfir forföður eða langafa. *Ái* er karlkynsorð og því er líklegt að karlkyns slagsíða yrði á merkingu þess (en þó var einnig stungið upp á orðinu *ái* í hvorugkyni). Á gengi vissulega sem hvorugkynsorð en kvenkynsorðið *á* er nú þegar til og því er líklegt að nýyrðið *á* myndi hallast merkingarlega í þá átt eða valda ruglingi. Enn fremur er á algeng upphrópun sem börn læra snemma og er oft tengd við neikvæða upplifun.

Þónokkur stungu upp á orðinu *ambi* en því svipar til *mambi* sem komið er í einhverja notkun í merkingunni 'kynsegin foreldri', hliðstætt við *mamma* og *pabbi*. *Mambi* er hvorugkynsorð og því mætti búast við að það beygðist á eftirfarandi hátt í eintölu (eins og t.d. *epli*, *nammi* og *nisti*): *mambi – mambi – mambi – mambis*. Sterk tilhneiging er hins vegar til að beygja það á sama hátt og karlkynsorð án greinis sem hafa sams konar atkvæðagerð (t.d. *bambi*): et. *mambi – mamba – mamba – mamba* (notkunina má þá sjá í setningum eins og *Þarna er mambi mitt* og *Ég var að tala við mamba mitt*).³ Allt bendir til þess að sömu vandkvæði fylgdu

² Líklegt má telja að þörfin fyrir heppilegt orð fyrir foreldri foreldris verði enn áþreifanlegri í náinni framtíð, svo sem þegar lögum er breytt þar sem talað er um afa og/eða ömmur. Árið 2022 var þannig lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (þingskjal 293, 289. mál, 153. löggjafarþing 2022–2023). Meðal annars var lögð til breyting á lögum um mannanöfn, þannig í stað „afa síns“ kæmi „foreldris foreldris síns“.

³ Erfiðara er að átta sig á fleirtölunni. Þegar *mambi* beygist sem *mamba* í aukaföllum í eintölu gætum við átt von á fleirtölunni *mambar – mamba – mömbum – mamba* en ef beygingin er eins og hjá *nammi* og *kaffi* er ekki alveg augljóst hver fleirtalan væri enda er sjaldgæft að hvorugkynsorð sem hafa *a* í

orðinu *ambi* og því mælir dómnefnd ekki með því að þessu sinni. Ef sátt næst hins vegar um að nota *mambi* fyrir 'kynsegin foreldri' og það festir sig í sessi, sama hvort orðið beygist eins og sambærileg hvorug- eða karlkynsorð, er líklegt að *ambi* verði ofan á sem kynhlutlaust orð sem er sambærilegt við *afi* og *amma*.⁴

Ýmsar tillögur bárust að stuttum nýyrðum (eitt atkvæði) sem gætu tekið hvorugkynsbeygingu, svo sem *abb*, *ann*, *att*, *óm*, *omm*, *ám* og *áf*. Við fyrstu sýn virtust þau vel koma til greina — sem dæmi fellur *abb* vel í flokk annarra orða í íslensku sem enda á strengnum *-abb* en þau eru einmitt hvorugkyns (*babb*, *gabb*, *kvabb*, *rabb*, *slabb*) og þá kallast *abb* á við *abbi* sem merkir 'afi' í færeysku. Eftir nánari skoðun þótti dómnefnd þessi einkvæðu orð þó falla illa í flokk frændsemisorða á borð við *afi* og *amma*, *frændi*, *móðir* o.s.frv. sem oftast eru tvö atkvæði. Þegar hefðbundin frændsemisorð eru notuð með eignarfor nafni bæta þau almennt ekki við sig greini, sbr. *amma mín*, *frændi minn* en ekki **amman mín*, **frændinn minn*. Stuttu nýyrðin sem stungið var upp á hafa hins vegar sterka tilhneigingu til að taka greini, þ.e. *abbið mitt* væri líklega eðlilegri málnotkun en *abb mitt*. Einnig var stungið upp á tveggja atkvæða orðum í hvorugkyni á borð við *annó* og *abbó*. Þau eru ólíklegri til að bæta við sig greini með eignarfornöfnum en þó er ekki alveg ljóst hvernig beyging þeirra myndi þróast.

Af framangreindum ástæðum treysti dómnefnd sér ekki til að mæla með neinu orði í þessum flokki að svo stöddu. Það þýðir ekki að ekkert orðanna sem stungið var upp á geti fest í sessi. Tillögurnar voru fjölmargar og ljóst er að bæði er þörf á kynhlutlausu orði af þessu tagi og mikill áhugi til staðar meðal málnotenda. Dómnefnd hvetur því til áframhaldandi umræðu og tilrauna með tungumálið á þessu sviði.

Kynhlutlaust ábendingarfor nafn í eintölu hliðstætt við *sá* og *sú*

Ekki er hlaupið að því að búa til nýtt ábendingarfor nafn í íslensku enda eru ábendingarfornöfn lokaður orðflokkur eins og stundum er sagt. Jafnvel þótt til sé í málinu ábendingarfor nafn í hvorugkyni eintölu, *það*, er skýrt að þörf er á nýju for nafni sem kynsegin fólk er sátt við að nota um sjálft sig.

Mikil umræða hefur verið á undanförunum árum um kynhlutleysi í íslensku þar sem karlkyn hefur verið notað. Dæmi um slíkt eru setningar eins og „Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess“ og „Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara“ úr 67. grein stjórnarskrárinnar. Sumum finnst þessi notkun útilokandi. Fólk getur þá upplifað notkun karlkyns þannig að hún beinist helst að körlum.

Í sams konar umhverfi er kvenkyn stundum haft með og þannig er að hluta til unnið gegn þessari útilokun. Þannig segir í nýlegum lögum um áhafnir skipa (nr. 82/2022): „*Fiskari* er hver sá eða sú sem starfar eða er ráðinn eða ráðin til vinnu á fiskiskipi ...“ Það getur varla verið ásetningur lögjafans að útiloka kynsegin fólk með því að nota eingöngu

fyrira atkvæði og *i* í því síðara séu notuð í fleirtölu. Hvernig er t.d. *nammi* í fleirtölu? Bæði finnast dæmi um *mörg nömm* og *mörg nammi*. Þannig gætum við annaðhvort átt von á fleirtölunni *mömb* og *mambi*.
⁴ Þess má geta að bæði Beygingarlýsing íslensks nútímamáls og Íslensk orðabók hafa karlkynsorðið *ambi* sem sagt er staðbundið.

ábendingarfornöfn í karlkyni og kvenkyni en hér verður engu að síður útlökunin jafnvel meira áberandi því að ekki er notað ábendingarfornafn sem vísar til kynsegin fólks. Við slíkar aðstæður, þar sem eintala ábendingarfornafna er notuð, er engin einföld lausn án nýs ábendingarfornafns því að margt kynsegin fólk myndi ekki fella sig við orðalagið „hvert það sem starfar eða er ráðið til vinnu á fiskiskipi ...“

Það er margt sem getur flækt innleiðingu nýs ábendingarfornafns eins og vikið er að hér fyrir neðan í umræðu um einstakar tillögur. Eitt atriði er það þegar ábendingarfornafn stendur sem hliðstæð einkunn innan nafnliðar. Við segjum *sá strákur sem ...*, *sá keppandi sem ...*; *sú stelpa sem ...*, *sú hetja sem ...*; *það barn sem ...*, *það skáld sem ...* En hvað gerum við þegar ábendingarfornafn stendur með orði sem vísar til kynsegin einstaklings? Segjum við *það stálp sem ...* eða notum við nýtt ábendingarfornafn?

Margar tillögur bárust um nýtt ábendingarfornafn. Það var augljóst að þátttakendur höfðu velt ýmsum hliðum málsins fyrir sér. Þrátt fyrir að dómnefnd mæli ekki með einni tillögu umfram aðrar finnst okkur mikilvægt að ræða þær tillögur sem okkur þóttu bestar og benda um leið á ýmsar flækjur og álitæfni sem geta komið upp við innleiðingu nýs ábendingarfornafns.

- *sað* (þf. *sað*, þgf. *því*, ef. *þess*) / *sað* (þf. *sað*, þgf. *sví*, ef. *sess*)
Nokkrar þeirra tillagna sem bárust hófust á s- í a.m.k. nefnifalli. Það er til samræmis við s- í kk. *sá* og kvk. *sú*. Stundum var hins vegar beyging í aukaföllum ekki sýnd og það er ekki síst þar sem helstu álitamálin eru. Ábendingarfornöfnin *sá* og *sú* hafa óregluleg víxl í beygingardæminu þannig að í nefnifalli hefjast þau á s- en þ- í aukaföllum: *sá – þann – þeim – þess* o.s.frv. Slíka óreglu er erfitt að læra og tileinka sér ef viðkomandi orð eru ekki þeim mun algengari. Það finnst ýmis tilbrigði í notkun ábendingarfornafna sem má hugsa sér að megi rekja til óregluleikans í beygingunni, svo sem *Lítið er vitað um ástand þanns sem ráðist var á* (í stað *ástand þess*) og *Tildrög málsins eru sú að ...* (í stað *Tildrög málsins eru þau að ...*). Þetta þarf að hafa í huga við val á nýju ábendingarfornafni.

Tillagan *sað* (þf. *sað*, þgf. *því*, ef. *þess*) hefur víxl s- og þ- eins og karlkynið og kvenkynið en minnir þó á hvorugkynið *það* enda rímar *sað* við *það* auk þess sem það beygist eins og *það* í þágufalli og eignarfalli. Ef kynsegin fólk fellir sig við þgf. *því* (og ef. *þess*, sem er einnig mynd karlkynsins) í dæmum eins og *Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar hverju því sem vill kynna sér málið* er þessi tillaga vel heppnuð því að þótt búin sé til óregluleg beyging ætti mögulega ekki að vera mjög erfitt að læra beyginguna með hliðsjón af óreglunni í *sá* og *sú* og beygingu *það*.

Tillagan *sað* (þf. *sað*, þgf. *sví*, ef. *sess*) er svipuð þeirri sem hér hefur verið rædd en hér er s- aftur á móti alhæft í allri beygingunni.

- *sán* (þf. *sán*, þgf. *sáni*, ef. *sáns*)
Þessi tillaga skírskotar til persónufornafnsins *hán*. Hér eru ekki óregluleg víxl s- og þ- í beygingunni heldur er s- alhæft. Það ætti að auðvelda fólki að tileinka sér orðið að það beygist eins og *hán* (þf. *hán*, þgf. *háni*, ef. *háns*) sem fyrir er í málinu. Þannig gætu *sán* og *hán* hugsanlega styrkt hvort annað í sessi.
- *þán* (þf. *þán*, þgf. *þáni*, ef. *þáns*)
Þessari tillögu svipar til *sán* en hér er aftur á móti þ- alhæft.
- *hán* (þf. *hán*, þgf. *háni*, ef. *háns*)
Hér var stungið upp á því að nota *hán* sem ábendingarfornafn en það er auðvitað til sem persónufornafn. Slíkt á sér ekki eingöngu hliðstæðu í hvorugkyni eintölu, þar

sem *það* er persónufornafn og ábendingarforbafn, heldur einnig í fleirtölunni (*þeir, þær, þau*). Engu að síður getur það talist óheppilegt ef aðeins eitt þeirra persónufornafna sem byrja á *h-*, þ.e. *hán* en ekki *hann* og *hún*, hefur sama form og ábendingarforbafn. Það væri þó kostur að það væri tiltölulega einfalt fyrir börn að tileinka sér notkunina en í barnamáli eru persónufornöfnin stundum notuð í stað ábendingarforbafna, í dæmum eins og *Mér finnst hún bók mjög skemmtileg* í stað *Mér finnst sú bók mjög skemmtileg*.

Femme og masc

Það er ekki einfalt að finna íslensk nýyrði sem fanga merkingu ensku orðanna *femme* og *masc*, ekki síst af því að sú merking er flókin og jafnvel þversagnakennd. Í grunninn er um að ræða styttingu á lýsingarorðunum *masculine* og *feminine* og í einhverjum skilningi má segja að *masc* og *femme* vísi til karlmannlegrar og kvenlegrar kyntjáningar. Málið er þó ekki alveg svo einfalt því orðin eru oft (ekki þó alltaf) notuð til að lýsa kyntjáningu sem leitast við að brjótast út úr kynjatvíhyggjunni. „Masc presenting“ manneskja er þannig ekki endilega beinlínis karlmannleg þótt kyntjáning hennar beri ákveðin einkenni sem hefð er fyrir að telja til karlmennskueinkenna.

Ýmsar skapandi og skemmtilegar tillögur að nýyrðum bárust sem vísa í tvær kynjaðar áttir án þess þó að byggja á orðunum *kven-* og *karl-*. Þar má nefna lýsingarorðin *mærin/mæri/mærið* og *guminn/gumin/gumið*, *víflegur/vífleg/víflegt* og *verlegur/verleg/verlegt*, *vífa* og *guma*, og *svanandi* og *halandi*. Öll byggja þessi nýyrði á gömlum íslenskum orðum yfir konur og karla (*mær*, *víf*, *svanni* = kona; *gumi*, *ver*, *halur* = karl) sem hafa þann kost að þau eru dottin út úr málinu að miklu leyti. Þau bjóða því upp á skapandi notkun sem þarf ekki að vera bundin við hefðbundnar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika.

Margir þátttakendur stungu upp á lýsingarorðinu *skvísaður/skvísuð/skvísað* eða *skvísó* sem þýðingu á *femme*. Ekkert sambærilegt orð yfir *masc* hlaut jafn góðan hljómgrunn en stungið var upp á orðum á borð við *gæjó* og enn fremur vaknaði umræða um nýyrðið *fýraður/fýruð/fýrað* eða jafnvel *fýr/fýrt*. Í þessu samhengi er rétt að undirstrika að þótt *femme* og *masc* séu tengd orð þarf alls ekki að finna nýyrði yfir bæði í einu — vel mætti til dæmis hugsa sér að láta reyna á notkun orðsins *skvísaður/skvísuð/skvísað* án þess að búið væri að finna þýðingu á *masc*.

Loks stungu nokkrir þátttakendur upp á að orðin væru tekin upp óþýdd og aðlöguð íslenskri stafsetningu sem lýsingarorðin *femm* og *mask* (óbeygjanleg). Einnig mætti hugsa sér orð sem beygjast eftir kynjum: *femmaður/femmuð/femmað* og *maskaður/möskuð/maskað* og enn fremur var ein innsenda tillagan *femskur/femsk/femskt* og *máskur/másk/máskt*.

Dómnefnd telur frekari umræðu og tilraunir með málnotkun þurfa að fara fram áður en hægt sé að leggja til þýðingar á *femme* og *masc* en hvetur lesendur eindregið til að prófa sig áfram.